

Fundargerð 287. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 287. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 10.október á Grand Hótel.

Efni fundar:

- Rýni á Haustráðstefnu Stjórnvísí 2019 – hvað var vel gert og hvað má betur fara.
- Trello: Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna)
- Fundur með fagráði og stefnumótun Stjórnvísí 2020-2025
- Fréttir af faghópum
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí.
- Önnur mál

Dags.fundar: 10.október 2019	Tími: 11:45-13:00	Nr. fundar: 287
Fundarboðari: AÓG	Fundarritari: GA	Staður: Grand Hótel

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Guðjón Örn Helgason og Kristján Geir Gunnarsson, Berglind Björk Hreinsdóttir, Guðný Halla Hauksdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Ingi Björn Sigurðsson, Jón Gunnar Borgþórsson og Sigríður Harðardóttir.

Fjarverandi:

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

- **Rýni á haustráðstefnu Stjórnvísí 2019:** Haustráðstefna Stjórnvísí var haldin í dag og mættu á þriðja hundrað manns á ráðstefnuna. Mæting var í takt við bókanir þ.e. álíka margir mættu og höfðu bókað sig sem er mikil framför frá í fyrra þegar 300 manns bókðu sig en 170 mættu. Utanumhald var til mikillar fyrirmyndar sem og ráðstefnustjóri og fyrirlesarar. Prófuð var ný tækni við að spyrja spurninga úr sal sem birtust beint á skjá. Tilraunin þótti takast vel til fyrir utan að tækni á Grand Hótel er ekki í þeim gæðum sem gert var ráð fyrir. Send verður athugasemd á hótelið og óskað eftir að úr þessu verði bætt hið fyrsta. Rýni á ráðstefnunni var sett í Trello-borð félagsins og nýtist rýnin fyrir næstu haustráðstefnu félagsins.
- **Trello:** Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna). Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir formaður Stjórnvísí kynnti næstu verkefni í Trello borði stjórnar. Allir stjórnarmenn eru komnir með aðgang og gerir Trello borðið allt starf stjórnar sýnilegra og einfaldara.
 - **Miðar af Kick off fundi** – farið var yfir alla miða um hvað væri vel gert og hvað mætti betur fara. Miðarnir með verkefnum um hvað mætti betur fara var deilt niður eftir verkefnum stjórnar og verða úrlausnir kynntar fyrir félagsmönnum á janúarfundi í Marel.
 - **Mælaborð Stjórnvísí:** Fundir streyma inn á viðburðardagatal félagsins. Í mælaborðinu má sjá hve faghópar félagsins hafa tekið hratt við sér og sumir bókað

fundi fram á næsta ár. Boðið var upp á 14 viðburði í september á vegum 32 faghópa en á sama tíma í fyrra voru haldnir 7 fundir á vegum 7 faghópa. Fjöldi funda er bókaður í október og nóvember.

- **Fundur með fagraði og stefnumótun Stjórnvísí 2020-2025.** Stjórn samþykkti að bíða með stefnumótunarvinnu Stjórnvísí fram í janúar þar sem ráðgjafinn Fjóla María sem stýrir vinnunni mun hafa svigrúm til þessarar vinnu í byrjun næsta árs 2020.
- **Fréttir af faghópum.** Mikil virkni er í faghópum félagsins og nær allir búnir að setja fundi inn á viðburðardagatal. Allar stjórnir eru fullmannaðar.
- **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.** Staða félagsins er í samræmi við endurskoðaða áætlun.
- **Önnur mál.**
 - Önnur mál voru rædd lítillega.